

**Ed.**

**340. Nefndarálit**

[144. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1984 til athugunar og umræðu á allmörgum fundum. Embættismenn, m. a. frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, hafa mætt á fundum nefndarinnar og veitt margvíslegar upplýsingar.

Við fyrstu athugun frumvarpsins kom í ljós að þar vantaði eitt og annað og ýmsir liðir voru ýmist vanáætlaðir eða hreinlega utan frumvarpsins, eins og t. d. fjármagnskostnaður Sjóefnavinnslunnar hf. á Reykjanesi sem ríkið á 80% í.

Í meðförum nefndarinnar hafa ýmsir augljósir gallar á frumvarpinu verið lagfærðir og meiri hl. nefndarinnar flytur við það breytingartillögur.

Það gildir um þetta frumvarp til lánsfjárlaga eins og það hefur verið áður að það gefur alls ekki rétta mynd af því hvernig lántökum ríkisins verður hagað á yfirstandandi ári. Minni hl. nefndarinnar minnir sérstaklega á að fyrirhugað er, til viðbótar þeim lántökum sem greint er frá í frumvarpinu, að taka sérstök lán til að efla innlenda skipasmíði og enn fremur er fyrirhuguð lántaka til að styrkja stöðu útgerðarinnar. Þessa sér hvergi stað í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1984. Þá er það skoðun minni hl. að lántökur vegna atvinnuveganna, sem gert er ráð fyrir að séu 1000 millj. kr., séu verulega vanáætlaðar.

Samkvæmt frumvarpinu verður heildarlántaka á árinu 1984 4548 millj. kr. Endurgreiðslur af löngum lánnum eru áætlaðar 3160 millj. Hrein skuldaaukning verður því 1388 millj. kr., eða um 2% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Samkvæmt spá Seðlabankans er nú áætlað að löng erlend lán verði í lok ársins 1984 tæp 60% af þjóðartekjum.

Þá er enn fremur augljóst að nú stefnir í mikinn halla á ríkisbúskapnum. Samkvæmt fjárlögum verður hallinn 388 millj. kr. við þetta bætast svo skattalækkanir í þágu atvinnurekstrarins sem ekki er ljóst hve háum upphæðum muni nema og enn fremur eru á döfinni ýmiss konar sparnaðaráform í ríkisrekstrinum sem vel flest hanga í lausu lofti og verða sennilega aldrei annað en óraunhæfar tölur á blaði. Sú skuldasöfnun ríkissjóðs, sem nú á sér stað í Seðlabankanum, er í rauninni sama eðlis og erlend lántaka.

Stjórnarandstaðan gerir ekki ágreining um einstök atriði í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1984 né flytur minni hl. breytingartillögur við frumvarpið. Með hliðsjón af því, sem áður segir, munu þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna sitja hjá við afgreiðslu málsins, en greiða atkvæði gegn hinni miklu skerðingu á framlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og Erfðafjárjóðs, sbr. 16. og 18. gr. frv.

Stefán Benediktsson sat fundi fjárhags- og viðskiptanefndar sem áheyrnarfulltrúi er fjallað var um málið og styður þessa skoðun minni hl. nefndarinnar.

Alþingi, 9. febr. 1984.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,  
fundaskr.

Eiður Guðnason,  
frsm.

Ragnar Arnalds.